


Vogartenging

Daglegur innlestur

Vogartenging Maritech gerir fyrirtækjum kleift að lesa gögn (færslur) frá Vog yfir í Microsoft Dynamics NAV og halda þar utan um verðbréfaeign.

Tengingin er auðveld í notkun. Með einni aðgerð eru færslur sóttar inn í fyrirfram skilgreinda færslubók fram að þeirri dagsetningu sem notandi velur. Í færslubók getur notandinn farið yfir færslurnar og staðfest að þær séu réttar áður en bókun á sér stað.

Í bókunaruppsetningu Vogartengingar eru settir upp viðskiptaflokkar sem tengjast viðskiptaflokkum Vogarinnar. Fyrir hvern og einn viðskiptaflokk er til uppsetning sem stýrir færslum á rétta fjárhagslykla í NAV. Í þessari uppsetningu er hægt að stýra færslum inn á mismunandi fjárhagslykla eftir yfirflokkum, undirflokkum, kennitölu viðskiptaaðila, safni og hinum ýmsu samsetningum af þessum þáttum.



Vogartenging býður meðal annars uppá:

- Einfalda aðgerð til að lesa verðbréfiðskipti yfir í NAV
- Einfalda aðgerð til að lesa uppreikning verðbréfa yfir í NAV
- Að færslurnar stýrast sjálfkrafa á rétta bókhaldslykla skv. uppsetningu
- Að við bókun færslubókarinnar merkjast færslur bókaðar í Vog og kemur það í veg fyrir að sömu færslur verði lesnar inn aftur
- Einföld stýring á aðgangsheimildum notenda.

Aðgangsheimildum fyrir innlestur er stýrt frá NAV með einfaldri merkingu á notendur sem hafa heimild til að sækja viðskipti. Með tengingunni eru yfir- og undirflokkar (Auðkenni) samstilltir milli Vogar og NAV sem tryggir að haldið er utan um innlesnar færslur undir viðeigandi yfir- og undirflokkum. Viðskiptum er hægt að stýra inn á mismunandi fjárhagslykla eftir söfnum. Færslur halda merkingu safns og því hægt að taka út greiningaskýrslur eftir þeim.

Uppreikningur

Vogartengingu fylgir einnig aðgerð til að lesa uppreikning verðbréfa úr Vog yfir í NAV. Þessi aðgerð er á sama hátt jafn einföld í notkun og daglegur innlestur.

Yfirflokkur	Flokkur	Saman	Gilt	Auðkenni	Nafnverð	Upphæð	Heiti
3	983			BH 16 0...	20.000,00	1.404.064,00	Husbr.
3	984			BH 16 0...	30.000,00	3.032.719,00	Husbr.
3	985			BH 16 1...	0,00	-562.744,00	Husbr.
3	986			BH 17 0...	0,00	-855.585,00	Husbr.
3	987			BH 17 0...	0,00	-1.385.125,00	Husbr.
3	988			BH 17 0...	3.000.000,00	10.864.955,00	Husbr.
3	989			BH 17 1...	0,00	-1.056.854,00	Husbr.

Nánari upplýsingar veitir
söludeild Maritech:
Sími: 545 3200
sala@maritech.is
www.maritech.is